

Ed.

589. Frumvarp

til laga um váttryggingar opinna vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillur) og yfirpiljaða vélbáta allt að 6 smálesta að stærð í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta, er um ræðir, eigi kost á að váttryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag.

2. gr.

Nú hefir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögnum:

a) að félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.

a) að váttryggingin nái aðeins til $\frac{1}{5}$ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en $\frac{1}{5}$ hluti sé hvergi tryggður, og til $\frac{3}{4}$ hluta í hverjum annars flokks bát, en $\frac{1}{4}$ hluti sé hvergi tryggður.

a) að félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að bjarga lífi skipshafnar.

a) að lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.

a) að Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

3. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts eða yfirpiljaðs vélbáts allt að 6 smálesta að stærð, sem gengur til fiskiveiða á vertíðum, er skylt að hafa bát sinn váttryggðan fyrir sjóttjóni samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra samþykkir, váttryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir váttryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.